

***FORSÆTISNEFND 14. júní 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um afgreiðslu á tillögu ungmennaráðs Kjalarness um gjaldfrjáls námsgögn fyrir 16-18 ára nemendur í framhaldsskólum R18020251***

Borgarfulltrúa Flokks fólksins fýsir að vita nánar um hvenær og hvort fulltrúa borgarinnar á Velferðarvaktinni hafi nú þegar verið falið að koma þessari tillögu inn á borð Vaktarinnar til að hún verði rædd. Málið er brýnt og vill borgarfulltrúi Flokks fólksins sjá þessi mál komin í viðunandi farveg hjá ríkinu áður en skólar byrja í haust. Hér er um sanngirnismál að ræða eins og borgin og ríkisstjórnin vita. Börn eru börn til 18 ára aldur og ekki er verjandi að mismuna þeim með þessum hætti milli skólastiga.